

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf
Brynjólfur Guðmundsson
Víkurbraut 13
230 Keflavík

2003030094
2000; 9310

Reykjavík, 5. júní 2003
/--

Efni: Sjóvarnir innan við Skipasmíðastöð Njarðvíkur, við Seylubakka, við Kópu hjá Stapakoti og frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði yfir Njarðvík, Reykjanesbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 31. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynntar sjóvarnir innan við Skipasmíðastöð Njarðvíkur, við Seylubakka, við Kópu hjá Stapakoti og frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði fyrir Njarðvík, Reykjanesbæ, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. maí 2003 og frá Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. maí 2003. Umsögn Reykjanesbæjar dags. 28. mars 2003 fylgdi erindi framkvæmdaraðila. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 5. maí 2003 og með tölvupósti dags. 9. maí 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að reisa fjórar sjóvarnir: 1. Við Seylubakka; 2. innan við Skipasmíðastöð Njarðvíkur; 3. frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði yfir Njarðvík; 4. við Kópu hjá Stapakoti. Í öllum tilfellum sé um að ræða hefðbundna sjóvörn.

Fram kemur að tilgangur sjóvarna við Seylubakka sé að verja tjörn sem þar er, sem samkvæmt aðalskipulagi hafi verndargildi, en einnig eigi hún að verja íbúðarbyggð sem ráðgerð sé á svæðinu. Á malarkambi sem nú þegar sé framan við tjörnina sé lítil grjótvörn. Sú sjóvörn sem hér um ræði verði um 200 m og liggi frá Hákotstanga niður að Narfakoti, en Narfakot standi lágt og sjóvörn því nauðsynleg. Áætluð efnistaka í sjóvörnina sé 8.400 m³ af flokkuðu

grjóti og kjarna.

Fram kemur að innan við Skipasmíðastöð Njarðvíkur sé ráðgert að setja sjóvörn á um 450 m kafla að fyrirhuguðum garði yfir Njarðvík, til að fyrirbyggja landbrot og festa strandlínuna en á þessu svæði séu nú þegar uppfyllingar. Reiknað sé með að um 8.700 m³ af flokkuðu grjóti og kjarna fari í þennan hluta.

Fram kemur að tilgangur sjóvarna frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði fyrir Njarðvík sé að tryggja fyrirhugaða íbúðarbyggð sem sé samkvæmt aðalskipulagi og áætlað sé að um 7.300 m³ af flokkuðu grjóti og kjarna fari í sjóvörnina.

Fram kemur að tilgangur sjóvarna við Kópu hjá Stapakoti sé að vernda gamlar sjóbúðarústir, þar á meðal eina í allgóðu ásigkomulagi, sem séu á bakkanum í innanverðri vikinni, frá broti á strandlínunni inn undir botn vikurinnar. Einnig eigi að fara með sjóvörnina lengra norður með strandlínunni til að verjast töluverðu landbroti sem þar eigi sér stað. Fram kemur að við hönnun sjóvarnarinnar verði tekið mið af sjóbúðarrústunum. Talið sé að um 5.000 m³ af flokkuðu grjóti og kjarna fari í framkvæmdina.

Í frumgögnum framkvæmdaraðila kemur fram að öll efnistaka verði í námu á iðnaðarsvæði í Helguvík og núverandi vegir verði notaðir. Því muni rask vegna framkvæmdanna takmarkast við svæðið efst í fjörunni. Ofan við sjóvarnir við Seylubakka og Narfakot sé grasi vaxið svæði sem ekki sé ræktað en ofan sjóvarnar við Kópu sé ræktað graslendi. Ekki sé til náttúrufarslýsing eða staðháttalýsing af svæðinu. Friðlýstar fornminjar séu ekki á svæðinu en framkvæmdaraðli muni hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna framkvæmdanna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Reykjanesbæjar kemur fram að allar framkvæmdir séu samkvæmt gildandi aðalskipulagi fyrir Reykjanesbæ og þær skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Varðandi sjóvörn frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði yfir Njarðvík kemur fram að forðast beri að raska ummerkjum fornminja sem eru beint niður af Narfakoti II og grasigróinni tóft við sjávar kambinn um það bil 100 m vestan við Narfakot II. Einnig bendir stofnunin á að ekki megi skemma grjóttgarð sem staðsettur sé í vík vestan Narfakots II, að austanverðu nærri botni hennar. Grjóttgarðurinn sé um 10 m innan við sjávar kambinn en norðurendi hans sveigi til vesturs og gangi inn í sjávar kambinn. Fram kemur að við Kópu hjá Stapakoti séu, auk sjóbúðarrústa og steingarða við víkina vestanverða, leifar gamals steinhlaðins brunns við botn vikurinnar. Tryggja þurfi að brunnurinn skemmist ekki vegna framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur að með hliðsjón af staðsetningu fyrirhugaðra sjóvarna og umfangi þeirra sé ekki líklegt að merkjum náttúruminjuna verði raskað. Við framkvæmdina verði að notast við þá vegi sem fyrir eru og rask takmarkað við svæði efst í fjörunni. Stofnunin telur því að áhrif

framkvæmdanna verði óveruleg og tímabundin. Umhverfisstofnun bendir á að fella ætti garðana eins vel að umhverfinu og hægt er, t.d. með uppgræðslu fláa að innanverðu þar sem garðarnir eru lagðir yfir vel gróið land.

Framkvæmdaraðili gerir engar athugasemdir við umsagnir umsagnaraðila.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir innan við Skipasmíðastöð Njarðvíkur, við Seylubakka, við Kópu hjá Stapakoti og frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði fyrir Njarðvík, Reykjanesbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu takmarkast við framkvæmdarsvæðin og munu ekki valda raski á merkum náttúruminum. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Umhverfisstofnunar um að garðarnir verði felldir eins vel að umhverfinu og hægt er. Efnistaka á iðnaðarsvæði við Helguvík er hluti af framkvæmd samkvæmt leyfi útgefnu fyrir 1. maí 1994 og er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt I. ákvæði til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að gæta þurfi að fornleifum á svæðinu og leggur áherslu á að samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir innan við Skipasmíðastöð Njarðvíkur, við Seylubakka, við Kópu hjá Stapakoti og frá Narfakoti að fyrirhuguðum garði fyrir Njarðvík, Reykjanesbæ, séu ekki líklegar til að hafa áhrif í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. vegna sjóvarnar og landfyllingar. Sjóvarnir eru í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015 og efnisnámið í samræmi við gildandi deiliskipulag í Helguvík.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. júlí, 2003.

Afrit: Umhverfiráðuneytið, Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.